

Hvernig gerist ég lánþegi?

Þú hefur samband við Blindrabókasafnið í síma 5454900 eða kemur á staðinn á Digranesvegi 5 í Kópavogi. Þú hefur meðferðis vottorð og ert skráð/ur inn sem lánþegi á safnið. Þeir sem eru búsettir á landsbyggðinni geta sent vottorð í pósti eða með faxi og óskað eftir skráningu. Hægt er að senda beiðni um að fá bækur sendar þegar skráning hefur átt sér stað.

Hvar fær maður vottorð?

Lesblindir fá vottorð hjá námsráðgjöfum, kennurum og öðrum fagaðilum. Sjónskertir fá vottorð hjá augnlækni eða Sjónstöð. Þeir sem eru í Blindrafélaginu þurfa augljóslega ekki að framvísa vottorði, félagsskírteini er nóg. Aðrir sem eiga við einhvers konar fötlun að stríða, sem gerir það að verkum að þeir geta ekki lesið prentað letur, fá vottorð frá lækni. Þeir sem eru orðnir 80 ára þurfa ekki vottorð. Lesblindir eldri en 30 ára geta komið á safnið án vottorðs og rætt við bókaverði.

Hvernig nálgast ég bækurnar?

Lánþegar hringja inn og panta þær bækur sem þeir vilja. Eins er hægt að senda pöntun í tölvupósti. Bækur eru sendar á hverjum degi með pósti til einstaklinga úti á landi. Bækur eru keyrðar út í ákveðin hverfi dag hvern til þeirra sem komast ekki frá. Aðrir sækja bækurnar á safnið en best er að hringja inn á undan til að forðast óþarfa bið. Sendingarþjónustan er ókeypis.

Skoðaðu nýja heimasíðu safnsins

Á heimasíðu Blindrabókasafnsins www.bbi.is má finna allar helstu upplýsingar um safnið og starfsmenn þess og þá þjónustu sem í boði er. Þar er margvíslegan fróðleik að finna og þar er hægt að fletta upp í bókakosti safnsins. Eins eru þar hljóðskrár þar sem hægt er að hlusta á raddir lesara og lista yfir nýjustu bækur og margt fleira.

WWW

BLINDRABÓKASAFN ÍSLANDS HLJÓÐBÓKASAFN

Digranesvegi 5; 200 Kópavogi
Sími: 5454900
Fax: 5454906
Upplýsinganetfang: uppl@bbi.is
<http://www.bbi.is>



Hönnun: svavar@skakkapopp.is

Hljóð bókasafn



Blindrabókasafn
Íslands 



Átt þú rétt á að fá lánaðar hljóðbækur hjá Blindrabókasafni Íslands


Blindrabókasafnið – hljóðbókasafn þjónustar alla þá sem geta af einhverjum ástæðum ekki lesið venjulegt prentað letur. Eina skilyrðið er að framvísað sé vottorði frá augnlækni eða öðrum sérfræðingum til að geta skráð sig sem lánþega á safnið.

Lesblindum fer ört fjölgandi í hópi lánþega og nemendur, sem farið hafa í lestrargreiningu og fengið erfiðleika sína staðfesta með vottorði frá sérfræðingi á borð við námsráðgjafa, geta fengið lánaðar hljóðbækur á Blindrabókasafni Íslands, auk þeirra sem vegna slysa og veikinda þurfa á þjónustu safnsins að halda.

Þjónusta við nemendur:

Blindrabókasafnið leggur mikla áherslu á þjónustu við nemendur. Þjónustan fer nú einkum fram með útlánunum á hljóðbókum eða rafrænum skjölum sem nemendurnir hafa meðan verið er að nota þau í skólanum. Farið er markvisst yfir leslista skólanna tvisvar á ári og allt það helsta lesið inn. Nemendur geta lagt inn beiðnir um að aðrar námsbækur séu lesnar og er það gert ef þær nýtast nógu stórum hópi, en nauðsynlegt er að gera það með góðum fyrirvara því það getur tekið drjúgan tíma að lesa bækurnar inn.

Virkir námsbókalánþegar á hverjum vetri hafa síðustu árin verið á bilinu 5-700 talsins og koma þeir að langstærstum hluta úr framhaldsskólunum. Alls eru á skrá um 4000 einstaklingar með lestrarörðugleika. Námsgagnastofnun sinnir grunnskólastiginu en grunnskólanemar geta að sjálfsgöðu sótt í almennan safnkost Blindrabókasafnsins.



Hvernig eru hljóðbækurnar?

Hljóðbækur Blindrabókasafns Íslands eru allar á geisla-diskum á MP3/Daisy-formi. Þetta þýðir að til þess að geta hlustað á bækurnar þarf notandinn að hafa aðgang að MP3-afspilunartæki, DVD-tæki eða tölvu, en safnið útvegar nemendum ókeypis tölvuforrit sem ganga við allar almennar útgáfur Windows-kerfa og gerir tölvunum kleift að lesa Daisy-diska. Forritinu má líka hlaða beint niður af vef safnsins <http://www.bbi.is>

Daisy er afspilunarform sem hefur haslað sér völl víða um heim og er einkar hentugt fyrir nemendur. Bókinni er þá skipt niður í kafla og gefur forritið margvíslega möguleika sem líkjast helst því að fletta í venjulegri bók. Lesandinn getur flett upp á stökum köflum, ákveðnum blaðsíðum eða orðum, allt eftir því hve nákvæmlega bókin og innlestur eru skipulögð.

Eins er hægt að stinga inn bókamerkjum, hlusta eingöngu á aðalfyrirsagnir, hraða og hægja á lestrinum og ýmislegt fleira. Þetta form hefur yfirburði yfir hefðbundna hljóðbók, sérstaklega þegar um er að ræða námsefni, handbækur og uppflettirit.

